

Aðalfundur Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. 2021

Fundurinn var haldinn á Vinnustofu Kjarval, Austurstræti 10a, 101 Reykjavík, þann 20. apríl 2021 og hófst kl. 15.00.

Mættir eru: Hrafn Hlynsson frá fjármálaráðuneytinu fyrir hönd hluthafa, Steinunn Sigvaldadóttir stjórnarformaður, Ísak Ernir Kristinsson stjórnarmaður, Einar Jón Pálsson stjórnarmaður, Reynir Sævarsson, stjórnarmaður, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri Reykjanesbæjar, Pálmi Freyr Randversson framkvæmdastjóri, Gréta Björg Blængsdóttir fjármálastjóri og Anna Steinunn Jónasdóttir verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð. Elín Árnadóttir stjórnarmaður boðaði forföll.

Þar sem hluthafi er einn voru eftirfarandi ákvarðanir teknar skv. 59. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 og eru þær bókaðar í fundargerðabók félagsins.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Staðfesting ársreiknings 2020.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Ráðstöfun á hagnaði/tapi og greiðslum á arði.
7. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega eru upp borin.

Áður en farið var í dagskrá fundarins fór fram kosning fundarstjóra og fundarritara.

Pálmi Freyr Randversson var kosinn fundarstjóri og Anna Steinunn Jónasdóttir var kosin fundarritari.

Engin athugasemd var gerð við boðun fundarins og telst hann því löglega boðinn.

1. Skýrsla stjórnar.

Skýrsla stjórnar var lögð fram og samþykkt.

2. Staðfesting ársreiknings 2020.

Tap ársins var kr. 173.256.194,- og niðurstaða efnahagsreiknings Þróunarfélagsins var kr. 2.083.750.543,-.

Ársreikningurinn var lagður fram og var hann staðfestur.

3. Kosning stjórnar og kosning endurskoðunarfélags.

Eftirtaldir aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins:

Ísak Ernir Kristinsson, kt. 220793-2579, Löngulínu 32, 210 Garðabæ,
Steinunn Sigvaldadóttir, kt. 020367-3349, Bakkabraut 5d, 200 Kópavogi,
Elín Árnadóttir, kt. 110471-4599, Birkibergi 22, 221 Hafnarfirði,
Kjartan Már Kjartansson, kt. 140561-4879, Pósthússtræti 3, 230 Reykjanesbæ,
Einar Jón Pálsson, kt. 141067-3119, Klapparbraut 11, 250 Suðurnesjabæ.

Til vara var kjörinn:

Hrafn Hlynsson, kt. 170386-3109, Rauðalæk 7, 105 Reykjavík.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun fyrir félagið sbr. 2. mgr. 19. gr. samþykka félagsins.

4. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði.

Tillaga var gerð um að greiða ekki út arð og að tap ársins yrði fært á eigið fé félagsins. Það var samþykkt.

5. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Ákveðið var fyrir starfsárið 2021 að laun formanns yrði óbreytt frá fyrra ári kr. 270.000,- á mánuði, laun annarra stjórnarmanna kr. 135.000,- á mánuði og laun varamanna kr. 40.500,- fyrir hvern fund.

6. Umræður og önnur mál löglega fram borin.

Nýkjörin stjórn þakkar Reyni Sævarssyni, fráfaraendi stjórnarmanni, fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og býður jafnframt Kjartan Mór Kjartansson velkominn í stjórn félagsins.

Engin mál voru undir lið nr. 6.

Fundi var slitið kl. 15.25.

Anna Steinunn Jónasdóttir, fundarritari.